

## L ö g

### um sjódóma og rjettarfar í sjómálum.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guð náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Að Vjer, samkvæmt 3. gr. laga 30. nóvbr. 1914 um breyting á lögum nr. 64 frá 22. nóvbr. 1913 um sjódóma og rjettarfar í sjómálum, höfum látið færa viðauka þá og breytingar, sem ákveðnar eru með fyrnefndum lögum 30. nóvbr., inn í meginmál laganna frá 22. nóvbr. 1913 og gefum þau hjermeð út sem

## L ö g

### um sjódóma og rjettarfar í sjómálum.

#### 1. gr.

Einkamál og refsímál um þau efni, sem ræðir um í siglingalögnum, að undanskildum málum um rjettindi yfir skipum samkvæmt 2. kap. siglingalaganna, eiga undir sjódóm. Ennfremur eiga undir sjódóm mál út af váttryggingu á skipi, farmi og öðrum hagsmunum, sem váttrygðir eru gegn hættum á sjó, sjóferðaskýrslur, sjóferðapróf og vitnamál, ef nota á vitnisburðinn í máli, sem á undir sjódóm, svo og störf þau, sem á dómstólum hvíla, að því er snertir skoðunar-, álits- og matsgerðir, er ræðir um í siglingalögnum.

Sjódóm skipa hlutaðeigandi hjeraðsdómari, og er hann formaður dómsins, og tveir menn aðrir.

Nú er kröfu, sem samkvæmt framansögðu á undir sjódóm, lýst í bú, sem tekið hefir verið til opinberrar skiftameðferðar, og rís þræta um kröfuna, sem ekki snertir skiftin sjerstaklega, og á þá skiftaráðandi að vísa þrætunni til sjódóms, ef hann telur það nauðsynlegt vegna þess, hvernig þrætunni er varið, eða einhver aðila krefst þess.

Frjálst er aðilum að semja svo um, að einkamál, sem samkvæmt þessari grein á undir sjódóm, skuli rekið fyrir og dæmt af venjulegum dómi.

#### 2. gr.

Fastur sjódómur skal vera í kaupstöðunum, og má með konunglegri tilskipun leggja þær þinghár, sem næstar eru, að öllu eða nokkru leyti undir sjódóm kaupstaðarins. Ennfremur má með konunglegri tilskipun ákveða fastan sjódóm utan kaupstaða í þeim þinghám, þar sem kaптún er og sjávarútgerð, og má jafnframt ákveða, að fleiri en ein dómþinghá skuli vera ein sjódómþinghá. Áður en skipað er sjódómþinghám, skal þó ávalt leitað álits þæjarstjórna, hreppsnefnda og sýslunefnda, sem hlut eiga að máli, um takmörk þinghárinnar.

Ráðherra tiltekur, hve margir skuli vera sjódómsmenn í sjódómþinghá hverri, en leita skal áður um það álits sveitarstjórna þeirra, sem hlut eiga að máli. Þó mega sjódómsmenn aldrei fleiri vera en 12 í neinni sjódómþinghá.

Þá eina má tilnefna og skipa sjódómsmenn, sem eru 30 ára að aldri, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, búsettir innan sjódómþinghárinnar og hafa sjerstaklega þekking á siglingum, útgerð, vjelastörfum, vörum eða váttryggingarmálefnum.

Ráðherra skipar sjódómsmenn í tiltekinni röð, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna í sjódómþinghání, til 4 ára í senn, og má enginn kjörgengur maður

skorast undan skipun, nema hann sje 65 ára að aldri eða ráðherra taki afsökun hans gilda. Sá, sem gegnt hefir sjódomsmannsstöðu að minsta kosti eitt kjörtímabil, má skorast undan endurskipun jafn langan tíma.

Hjersaðsdómari kveður tvo hinna skipuðu sjódomsmanna til að sitja í dómi um hvert mál, sem fyrir kemur; skal kveðja sjódomsmennina hvern af öðrum eftir útnefningarröð, og má hjersaðsdómarinn ekki bregða út af röðinni, nema nauðsynlegt sje vegna sjerþekkingar, er mál það, sem um er að ræða, útheimtir, eða forföll eða aðrar tálmanir banni þeim að sitja dóminn, sem næstur er í röðinni. Nú er þess ekki kostur, að útnefna nægilega marga sjódomsmenn meðal hinna skipuðu sjódomsmanna, og skal þá útnefnt samkvæmt ákvæðum næstu greinar.

Ef brugðið er út af rjettri röð við útnefning sjódomsmanna, eða gengið er fram hjá hinum skipuðu sjódomsmönnum, þá skal ástæðunnar til þess getið í þingbókinni.

### 3. gr.

Nú er ekki fastur sjódomur í þinghá, og þinghá sú hefir heldur ekki verið lögð undir sjódom annarar þinghár, og skal þá tilnefna sjódomsmenn, hvenær sem mál ris um þau efni, sem eiga undir sjódom, fyrir það mál sjerstaklega. Hjersaðsdómarinn nefnir sjódomsmenn á þann hátt, sem tíðkast um dómkvaðning manna. Það leysir ekki dómara undan að dómkveðja sjódomsmenn, að málsaðilar sjeu á einu máli um það, hverjir þeir kjósi að sitji dóminn, enda er dómara aldrei skylt að fara eftir tillögu málsaðila um mennina.

### 4. gr.

Áður en sjódomsmaður tekur til starfa í fyrsta sinn í sjódominum, skal hann vinna drengskaparheit samkvæmt 1. gr. laga nr. 29, 11. júlí 1911 að því, að hann skuli rækja starf sitt samviskusamlega og eins og best má hann.

### 5. gr.

Fyrir starf sitt í sjódomi eiga hinir útnefndu sjódomsmenn 4 kr. kaup fyrir hvern dag, sem þeir sitja í sjódomi, eigi þeir heima í þeim kaupstað, kaupþúni eða þorpi, þar sem sjódomur er háður. Eigi sjódomsmaður heima utan kaupstaðarins, kaupþúnsins eða þorpsins, þar sem sjódomurinn er háður, ber honum auk þess 2 kr. í fæðispeninga og ferðakostnað að auki eftir reikningi, sem dómarinn úrskurðar í einkamálum um leið og málinu er lokið, en í refsímálum úrskurðast reikningurinn á venjulegan hátt.

Þóknun meðdómenda greiðist úr landssjóði.

### 6. gr.

Sækjanda er frjálst að stefna útgerðarmanni á persónulegt varnarþing hans eða þar sem skipið á heima. Sama er um mál gegn skipstjóra eða skipshöfn út af skyldustörfum þeirra.

Nú á maður kröfu að heimta, sem skip eða farmur er að veði fyrir, og er skipið eða farmurinn kyrsett hjer á landi vegna kröfunnar, og má þá höfða mál til greiðslu kröfunni á þeim stað, þar sem kyrsetningin var gerð.

Mál út af ákvörðun eða skifting björgunarlauna, má höfða þar sem bjargað var eða þar sem björgunargóssið var flutt á land.

Nr. 52.  
30.  
nóvbr.

## 7. gr.

Sjódómur skal háður, þá er mál eru fyrir hendi, sem eiga undir sjódóm. Málshöfðanda eða gerðarbeiðanda ber að sýna formanni dómsins stefnu sína, eða beiðast sjódóms skriflega, og á hann í beiðninni að skýra frá efni málsins. Formaður ákveður þá fyrirtekt málsins með áritun á stefnuna eða beiðnina.

Formaður kveður jafnan meðdómsmenn sína til dómhaldsins. Þó skal hann ekki kveðja þá til dómhalds, ef líklegt er, að álitni hans, að aðeins verði lögð fram skrifleg skjöl og beðið um frest. Ennfremur má formaður einn taka við sjóferðaskýrslu, sem eigi má dragast, og að álitni hans er ekki mikils varðandi, og byrja rannsókn, sem ekki má fresta, ef ekki verður náð til sjódómsmanna nægilega snemma.

Formanni ber að sjá um, að stefnan eða innköllunin sje birt hlutaðeigendum, ef gerðarbeiðandi óskar þess og greiðir kostnað þann, sem af því leiðir.

## 8. gr.

Stefnufrestur til sjódóms í einkamálum er bæði að því er kemur til málsaðila og vitna hinn sami sem til gestarjettar; sömuleiðis gilda sömu reglur sem í gestarjettarmálum um sáttir, fresti, dómsuppsögn og aðför. Í þessum málum má ennfremur koma fram gagnkröfu til skuldajafnaðar án gagnsóknar. Ákvæði N. L. 1—13—13 um skyldu til að stefna á ný vitnum, sem áður hafa gefið skýrslu um málið, þá er nýjum vitnum er stefnt, skal ekki gilda um sjódómsmál, sjóferðaskýrslur nje vitnaleiðslur, sem nota á í málum, sem eiga undir sjódóm. Reglan eftir N. L. 1—4—1, að óstefndur skuli vera ónefndur, gildir ekki um sjóferðaskýrslur.

Í málum milli skipstjóra og skipshafnar, eða útgerðarmanns og skipshafnar, mega málsaðilar ekki láta málflytningsmann mæta fyrir sína hönd, nema dómurinn leyfi.

Að öðru leyti gilda um sjómál almennar rjettarfarsreglur.

## 9. gr.

Formaður stjórnar öllum störfum sjódóms, og heldur þingbókina.

Ef þörf er á túlk, og enginn sjódómsmanna getur og vill túlka, þá skal kveðja til málfróðan mann til aðstoðar dóminum; skal sá maður staðfesta á þann hátt, sem lög nr. 29, 11. júlí 1911 um eiða og drengskaparorð mæla fyrir, að hann skuli rækja starf sitt samviskusamlega og eins og best má hann. Túlkur á borgun fyrir starf sitt; dómurinn ákveður borgunina, en gerðarbeiðandi greiðir.

## 10. gr.

Heimilt er sjódómi að taka við sjóferðaskýrslu, láta skoðunargerð og matsgerð á skipi og góssi fram fara og aðrar gerðir, sem að álitni dómsins ekki mega bíða, þó eiganda, váttryggjanda og öðrum þeim mönnum, sem hlut eiga að máli, hafi ekki verið tilkynt gerðin. Hinsvegar skal þess gætt af dóminum, að hlutaðeigendur sjeu ávalt kvaddir til gerðarinnar, ef þeir eru staddir á staðnum, eða umboðsmenn þeirra, eða svo nærri, að auðvelt er að kveðja þá til, án þess gerðinni sje seinkað óhæfilega mikið, og gerðarbeiðanda eða dóminum var kunnugt um það. Nú næst ekki til hlutaðeiganda, og á dómurinn þá að gæta þess vandlega, að ekki sje gengið á rjett fjarstaddra manna.

## 11. gr.

Skipstjóri skal hafa með sjer skipsbækurnar, þá er hann gefur sjóferðaskýrslu, og ber dóminum að bera þær saman við afrit það, sem fylgja skal skýrslunni samkvæmt

45. gr. siglingalaganna. Fyrst tekur dómurinn við munnlegri skýrslu skipstjóra; síðan skulu leidd vitni þau, sem skipstjóri hefir með sjer eða dómurinn hefir stefnt til. Skal þess ávalt gætt, að enginn þeirra hlusti á skýrslu hinna.

Vitnin eiga, að því leyti sem auðið er, að gefa samfelda skýrslu um atvik þau, sem um er að ræða; ef nokkuð vantar á skýrsluna, eða hún er ógreinileg eða óákveðin, þá ber dóminum að spyrja vitnin sjerstaklega, og reyna þannig að fá áreiðanlega vitneskju um það, sem hver um sig hefir sjálfur komist að raun um. Áður en tekið er til að spyrja vitnin, ber dóminum að áminna vitnin alvarlega um sannsögli og um að leyna engu, og að brýna fyrir þeim þýðing staðfestingarinnar og lagahegning þá, sem þau verða að þola, ef þau bregða út af hinu sanna í nokkru atriði. Að jafnaði má ekkert vitnanna staðfesta framburð sinn, sbr. lög nr. 29, 11. júlí 1911, II. kafla, fyr en öll hafa borið.

## 12. gr.

Nú hefir íslenskt skip farist, eða skipshöfnin hefir yfirgefið það á hafi úti, eða það hefir farið á grynningar, svo að það komst ekki á flot aftur, nema með aðstoð annara eða með því að kasta fyrir borð eða höggva siglutrjen, eða það hefir beðið tjón af eldsvoða, eða rekist á annað skip og hlotið tjón af árekstrinum, eða það varð fyrir óhappi, sem mannsbani hlaust af, og skal dómurinn þá jafnframt sjóferðaskýrslunni halda próf til þess að reyna að komast fyrir orsakir óhappsins; próf þetta heldur dómurinn fyrir hönd hins opinbera með valdi því, sem dómar eiga við opinberar rannsóknir. Sjerstaklega skal það rannsakað, hvort orsakir óhappsins eru þær, sem nú skal greina:

1. Gallar á skipi, siglingaverkfærum þess, útbúnaði eða mannafla.
2. Gallar á fermingu skipsins, svo sem að skipið hafi verið ofhlaðið, eða farmurinn hafi verið hættulegs efnis, eða skift skakt niður í skipinu, eða óforsvaranlega búlkaður eða skorðaður, eða seglfesta hafi verið ónóg, óhæf, illa skift eða óforsvaranlega skorðuð.
3. Gáleysi eða hirðuleysi skipstjóra eða skipshafnar, eða skipstjóra eða skipshafnar annars skips.
4. Gáleysi eða hirðuleysi hafnsögumanns, gallar á sjóbrjefum eða vitum, sjómerkjum eða öðrum tilfærum, sem ætlaðar eru siglingum til öryggis.

## 13. gr.

Nú er ástæða til að gruna, eftir því sem fram hefir komið við sjóferðaskýrslu eða sjóferðapróf, að um hegningarvert athæfi sje að ræða, og skal þá sjódomurinn fara með málið og dæma það, ef það á undir sjódom samkvæmt lögum þessum, en að öðrum kosti senda stjórnarráðinu útskrift úr sjóferðaskýrslunni og sjóferðaprófinu með tillögum sínum til frekari aðgerða.

## 14. gr.

Nú eru einhver þau atvik fyrir hendi, sem um er rætt í 12. gr., og það kemur í ljós, að sjóferðaskýrsla hefir ekki verið gefin, af því að enginn þeirra, sem bar skylda til að tilkynna óhappið, hefir komist lífs af, eða óhappið hefir af öðrum ástæðum ekki verið rannsakað, og skal þá sjódomur rannsaka málið þar sem því verður best við komið. Þannig á rannsókn fram að fara á heimili skipsins, hafi það horfið, en ella að jafnaði þar sem skipið kemur til hafnar eftir óhappið, eða þar sem skipshöfn, skip eða skipsflak kemur á land.

Nr. 52.  
30.  
nóvbr.

15. gr.

Um áfrýjun dóma og úrskurða sjódoms fer eftir almennum lögum um áfrýjun.

[Í lögum 22. nóvbr. 1913 um sjódóma og rjettarfar í sjómálum var 16. gr. svohljóðandi: Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1914. Þau taka ekki til þeirra mála, sem stefnt er til dóms, nje þeirra gerða, sem tekið er til að framkvæma fyrir þann dag.]

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 30. nóvember 1914.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sig. Eggerz.*

Nr. 53  
30.  
nóvbr.

## L ö g

um undanþágu frá ákvæðum 1. gr. í siglingalögum frá  
22. nóvbr. 1913.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Sú undanþága veitist frá ákvæðum 1. gr. siglingalaga frá 22. nóvember 1913, að í stjórn hlutafjelagsins »Eimskipafjelag Íslands« í Reykjavík, sem stofnað var 17. janúar 1914, megi tveir af sjö mönnum í stjórn fjelagsins vera Íslendingar búsettir í Vesturheimi, þótt eigi fullnægi þeir skilyrðum fyrri hluta tjeðrar greinar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 30. nóvember 1914.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sig. Eggerz.*